

Ed.

270. Breytingartillögur

[102. mál]

við frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr.

- a) Liður E. 1 orðist svo: Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga ($64^{\circ}44,9'$ n.br. $23^{\circ}55,1'$ v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómilur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.
- b) Liður E. 2 orðist svo: Á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi ($63^{\circ}52,8'$ n.br. $22^{\circ}44,0'$ v.lg.) og að norðan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 6 sjómilur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.

c) Nýr liður, er verði E. 3, orðist svo:

Skipum, 105 brúttó rúnlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi ($63^{\circ}52,8'$ n.br. $22^{\circ}44,0'$ v.lg.).

d) Nýr liður, er verði E. 4, orðist svo:

Skipum, 350 brúttó rúnlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi ($63^{\circ}52,8'$ n.br. $22^{\circ}44,0'$ v.lg.).

Einnig er skipum þessum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómilur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi ($63^{\circ}52,8'$ n.br. $22^{\circ}44,0'$ v.lg.) í punkt 4 sjómilur réttvísandi vestur af Garðskagavita ($64^{\circ}04,9'$ n.br. $22^{\circ}41,5'$ v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómilur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga ($64^{\circ}44,9'$ n.br. $23^{\circ}55,1'$ v.lg.).

2. Við 10. gr. Á eflir orðunum „megi stunda á hverjum stað fyrir sig“ í 1. tölul. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimild þessi til veiðingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómilur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómilur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.